## RÁÐSTEFNA UM FERÐAMÁL Á NORÐURSLÓÐUM
### RAUFARHÖFN, 30. ÁGÚST TIL 2. SEPTEMBER 2016

Ráðstefnan er haldin á vegum IPTRN, samtaka fræðafólks sem rannsakar ferðamennsku á norðurslóðum. IPTRN leggur áherslu á að skilja hvata og áskoranir tengdar ferðaþjónustu á afskekktum svæðum norður- og suðurskauts.

Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er:

***„Ferðaþjónusta, fólk og vernduð svæði í víðáttu heimskautanna".***

Helstu málefni varða m.a. skipulag, verndun og umhverfisáhrif ferðaþjónustu auk sjónarmiða íbúa þessara svæða.

Íbúar svæðisins eru boðnir velkomnir á ráðstefnuna og hvattir til að kynna sér dagskrána nánar. Sérstaklega má benda á samfélagsvinnustofu sem haldin verður í félagsheimilinu Hnitbjörgum kl 14.30 fimmtudaginn 1. september.

Þeir sem hafa hug á að mæta á þennan viðburð eru vinsamlegast beðnir um að senda póst á rif@nna.is eða silja@atthing.is eða hringja í síma 856 9500 / 464 9882

**Dagskrána í heild sinni má nálgast hér:**
**http://www.rmf.is/en/conferences/5th-international-polar-tourism-research-network-iptrn**



**Nánari upplýsingar um ráðstefnuna veita:**
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Rannsóknamiðstöð ferðamála: S: 525 4459; netfang: ejb@hi.is
- Halldóra Gunnarsdóttir, ferðaþjónustusamtökunum Norðurhjara: S: 892 8202; netfang: nordurhjari@simnet.is
- Jónína Sigríður Þorláksdóttir, Rannsóknastöðinni Rif: S: 856 9500; netfang: rif@nna.is
- Silja Jóhannesdóttir hjá Raufarhöfn og framtíðin: S: 464 9882; netfang: silja@atthing.is

# Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir
Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
33. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 24. ágúst 2016

## Aðalfundur Sjálfstæðisfélagsins við Öxarfjörð

Aðalfundur Sjálfstæðisfélagsins við Öxarfjörð verður í Gistiheimilinu Dettifossi, Lundi, þriðjudaginn 30. ágúst kl. 17:00.

## Jökulsárgljúfur að austan

Nú er komið að 2. áfanga í raðgöngu Ferðafélagsins Norðurslóðar við Jökulsárgljúfur að austan.

Laugardaginn 27. ágúst verður gengið frá Gloppu upp að Hafursstöðum. Farið verður um fjölbreytt svæði, hrikaleg gljúfur Landsbjarga skoðuð, gengið um Hallhöfðaskóg og litið á Hljóðakletta úr austri.

Takið með ykkur nesti nóg og góða skó, eitthvað að drekka og klæðnað eftir veðri. Mæting kl. 11:00 að Vestaralandi.

## Skeglan

**Skeglan** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.
Auglýsingar berist á netfangið **skeglan@simnet.is** eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.
Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 31. ágúst 2016.
Gjaldskrá: Hálfsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.
Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.